

og komi varðhald í 25 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 4.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 19. apríl 1983.

Nr. 33/1981. **Brauðgerð Kr. Jónssonar & Co.**

(Gunnar Sólmes hrl.)

gegn

Snævari Ívarssyni

og gagnsök

(Ásmundur S. Jóhannsson hdl.).

Vinnuslys. Skaðabótamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson og Sigurgeir Jónsson og settir hæstaréttardómarar Gaukur Jörundsson og Guðmundur Skaftason.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. febrúar 1981, að fengnu áfrýjunarleyfi 29. janúar sama ár. Hann krefst sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann lækkunar á kröfum gagnáfrýjanda og þess, að málskostnaður falli niður.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 16. júní 1981, að fengnu áfrýjunarleyfi 21. maí sama ár. Sú gagnsök féll niður vegna útivistar 2. nóvember, en málinu var gagnáfrýjað að nýju 20. nóvember 1981. Hann krefst þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 56.423.85 krónur auk 19% ársvaxta frá 3. mars 1978 til

1. júní 1979, 22% ársvaxta frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvaxta frá þeim degi til 1. desember 1979 og með 31% ársvöxtum frá þeim degi til þingfestingardags aðalsakar í Hæstarétti og eftir það með hæstu dómvöxtum til greiðsludags. Þá krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál, en gagnáfrýjandi, sem ekki hafði gjafsókn í héraði, fékk gjafvörn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðuneytisins 5. maí 1981.

Freyr Ófeigsson héraðsdómari hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm ásamt meðdómsmönnum Páli Stefánssyni bakarameistara og Stefáni Stefánssyni verkfræðingi.

Búnaði hinnar svokölluðu brauðvigtunarvélar er lýst í héraðsdómi. Þar eru og rakin atvik að því, er hægri hönd gagnáfrýjanda lenti fyrir hnífi vélarinnar með þeim afleiðingum, er í héraðsdómi greinir.

Samkvæmt framburði gagnáfrýjanda hjá lögreglu og fyrir héraðsdómi rann hann til, er hann ætlaði ofan af vélinni eftir að hafa hreinsað hana, en það verk hafði Birgir Snorrason aðstoðarverkstjóri falið honum. Óumdeilt er, að gagnáfrýjanda sem og öðrum starfsmönnum aðaláfrýjanda hafði verið bannað að fara upp á vélina við hreinsun hennar. Er komið fram, að Birgir Snorrason hafði bannað gagnáfrýjanda þetta, skömmu áður en slysið varð. Gagnáfrýjandi skýrði svo frá fyrir dómi, að hann hefði eigi gætt sín sem skyldi, þá er slysið varð, þar sem athygli sín hefði verið við það bundin að fylgjast með, hvað gert yrði við skó þann, er hann hafði misst af fótum sér skömmu áður. Samkvæmt þessu verður að telja, að frumorsök slyssins megi rekja til þeirra óhappatilviljunar, er gagnáfrýjandi rann til, og framangreinds háttalags hans að öðru leyti.

Til þess ber hins vegar að líta, að gagnáfrýjandi var aðeins tæpra 17 ára, er slysið varð. Telja verður, að brýna ástæðu hafi borið til þess sakir æsku hans að skýra fyrir honum þá hættu, sem starfi hans fylgdi, þar á meðal hreinsun brauðvigtunarvélarinnar, en ósannað er, að svo hafi verið gert. Þykir því hafa skort á verkstjórn af hálfu aðaláfrýjanda. Þá ber og að hafa í huga, að pallur sá, er stóð við hlið vélarinnar og ætlaður var til þess, að menn stæðu á við hreinsun hennar, var með lausum fjöllum, sem gátu færst til.

Var pallurinn því ekki eins öruggur og skyldi.

Pegar framangreint er haft í huga, þykir bera að skipta sök í mál-inu þannig, að gagnáfrýjandi beri sjálfur tjón sitt að 2/3 hlutum, en 1/3 tjónsins beri aðaláfrýjanda að bæta honum.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagður nýr útreikningur Guðjóns Hansen tryggingafræðings, sem gerður var 8. apríl 1983. Er þar tekið tillit til kauplagsbreytinga síðan 1979 og nýrra upplýsinga um meðalvinnutekjur 1978 og 1979. Kemst tryggingafræðingurinn að þeirri niðurstöðu, að verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi sé 9.120.00 krónur vegna tímabundins orkutaps í 6 mánuði og 153.029.00 krónur vegna varnalegs orkutaps eftir þann tíma, eða samtals 162.149.00 krónur.

Pegar framanritað er virt, þykir aðaláfrýjandi eiga að greiða gagnáfrýjanda 35.000.00 krónur í bætur vegna fjárhagslegs tjóns og 1.300.00 í miskabætur, eða samtals 36.300.00 krónur með vöxtum, eins og krafist er, en dómvextir verða þó aðeins dæmdir frá birtingardegi stefnu gagnáfrýjanda.

Staðfesta ber málskostnaðarákvæði héraðsdóms. Dæma ber aðaláfrýjanda til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti, 18.000.00 krónur, sem renni í ríkissjóð. Gjafsóknarkostnaður gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hans, 12.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Aðaláfrýjandi, Brauðgerð Kr. Jónssonar & Co., greiði gagnáfrýjanda, Snævari Ívarssyni, 36.300.00 krónur með 19% ársvöxtum frá 3. mars 1978 til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., 31% ársvöxtum frá þeim degi til 19. júní 1981 og síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir eru á hverjum tíma.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest.

Aðaláfrýjandi greiði 18.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti, sem renni í ríkissjóð.

Gjafsóknarkostnaður gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist

úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hans, Ásmundar S. Jóhannssonar héraðsdómslögmanns, 12.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Ég er sammála meiri hluta dómenda í máli þessu um það, að það hafi verið óhappatilviljum, að gagnáfrýjandi rann til, er hann var að ljúka við hreinsun vélarinnar. Hins vegar tel ég, að afleiðingar þeirrar hrösunar megí eingöngu rekja til óhlýðni gagnáfrýjanda, en honum hafði ítrekað verið bannað að vera uppi á vélinni, er hann starfaði við hana, síðast rétt fyrir slysið. Tel ég því, að sýkna beri aðaláfrýjanda af öllum kröfum gagnáfrýjanda í málinu. Eftir atvikum tel ég rétt að fella niður málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Akureyrar 29. apríl 1980.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur ívar Kristjánsson iðnverka- maður, Brekkugötu 11, Akureyri, höfðað hér fyrir dómi f. h. ólöggráða sonar síns Snævars með stefnu, útgefinni 10. janúar 1979, á hendur Brauðgerð Kr. Jónssonar & Co., Akureyri. Undir rekstri málsins hefur stefnandi Snævar Ívarsson orðið lögráða og rekur mál þetta nú sjálfur. Einnig er málið höfðað með framhaldsstefnu stefnanda, útgefinni 15. janúar 1980.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 5.642.385 auk 19% ársvaxta frá 3. mars 1978 til 1. júní 1979, 22% ársvaxta frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvaxta frá þeim degi til 1. desember s. á. og síðan 31% ársvaxta til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt framlögðum reikningum eða mati dómsins.

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur aðallega gerðar, að hann verði með öllu sýknaður af kröfum stefnanda og honum tildæmdur málskostnaður úr hendi hans, en til vara, að stefnukröfur verði stórlega lækkaðar og málskostnaður látin niður falla.

Málsatvik eru þau, að föstudaginn 3. mars 1978 varð vinnuslys í starfsstöð stefnda að Strandgötu 37, Akureyri. Vann stefnandi við að hreinsa brauðvigtunarvél, sem klippir brauðdeig niður í vissar þyngdir. Við verkið

rann hann til, svo að hægri hönd hans lenti fyrir hníf vélarinnar, og tók framan af tveim fingrum, og húðflípi fór af einum fingri. Stefnandi vann verkið þannig, að hann kraup ofan á vélinni og notaði þar til gerða plastsköfu til að framkvæma verkið. Lögreglunni var gert aðvart um slysið, og hafa skýrslur lögreglunnar verið lagðar fram í málinu.

Í skýrslu Ófeigs Baldurssonar rannsóknarlögreglumanns segir: „Kl. 09.50 var hringt frá Brauðgerð Kr. Jónssonar & Co., Strandgötu 37, í sameiginlegan síma slökkvistöðvar og lögreglu og tilkynnt, að þar hefði orðið vinnuslys. Undirritaður fór á staðinn ásamt Lárusi Ragnarssyni, lögreglumanni. Þegar við komum á staðinn, var búið að flytja hinn slasaða á F.S.A. í sjúkrabifreið. Þarna hafði það slys orðið, að Snævar Ívarsson, fæddur 25. 05. 1961, til heimilis að Brekkugötu 11, Akureyri, hafði lent með hægri hönd í svokallaða brauðvigtunarvél, en vél þessi klippir brauðdeig niður í vissar þyngdir. Að sögn Birgis Snorrasonar hafði hann og Snævar verið að vinna við umrædda vél. Birgir sagði, að Snævar hefði setið uppi á vélinni og verið að ýta á eftir brauðdeiginu ofan í vélina, en það þyrfti að gera, þegar lítið deig væri orðið í trektinni, sem að vélinni liggur.

Umrædd vél er 117 cm á hæð, 63 cm að breidd og 115 cm að lengd. Ofan á vélinni er trekt, sem er um 60 cm að hæð, og mun Snævar hafa setið ofan á vélinni til hliðar við trektina, þegar slysið varð. Við vélina var litil grind úr jární, 40x40 cm og 20 cm á hæð.

Á grindinni var enginn pallur, þegar við lögreglumenn komum á staðinn, en þarna hjá voru tvær lausar fjalir, sem notaðar eru ofan á grindina og staðið á þeim, þegar unnið er við umrædda vél. Þessar fjalir hafa einhvern timann verið fastar á nefndri grind, en einhverra hluta vegna losnað af og ekki verið festar aftur.

Birgir sagði, að það hefði oft verið búið að tala um það við Snævar að sitja ekki uppi á vélinni, þegar hann væri að vinna við hana, og rétt áður en slysið hefði orðið, hefði verið rætt um þetta við Snævar. Þá var við vélina plastskafa, sem ætlast er til, að menn noti við að ýta deiginu ofan í vélina. Hins vegar kom í ljós, að mjög algengt var, að þessi plastskafa væri ekki notuð við þetta verk, heldur notuðu menn aðeins höndina við verkið. Þá skal tekið fram, að vél þessi gengur frekar hægt og klippir 22 sinnum á mínútu. Þá kom í ljós, að í umræddri vél er öryggi, sem fer í sundur, ef einhverjir aðskotahlutir lenda í vélinni, t. d. hnífar. Þetta öryggi hafði brotnað og þá verið sett venjuleg skrufa í staðinn. Það skal þó tekið fram, að sennilega mun hið upprunalega öryggi hafa verið það sterkt, að þótt það hefði verið notað í þessu tilfelli, hefði vélin ekki stöðvast, þótt maður lenti með fingur í vélinni, eins og gerðist í þessu tilfelli.

Undirritaður hafði tal af Júlíusi Snorrasyni, sem er verkstjóri á þessum stað og einn af eigendum brauðgerðarinnar. Hann sagði, að allir starfs-

menn, sem þarna hefðu unnið, væru varaðir við þeirri hættu, sem af þessari vél stafaði, og þar á meðal hefði Snævar verið varaður við þessari vél. Þá sagði Júlíus, að það væri vaninn, að þessi vél væri höfð í gangi, þegar síðustu leifum af deiginu, sem í trektinni væru, væri ýtt ofan í vélina. Það væri að vísu hægt að stöðva vélina og ýta deiginu ofan í hana og setja hana síðan í gang, en það væri yfirleitt ekki gert. Júlíus fór með Snævri á F. S. A. í sjúkrabifreiðinni. Hann sagði, að skorist hefði framan af baugfingri og löngutöng á hægri hendi Snævars.“

Sigmundur Magnússon öryggiseftirlitsmaður kom á staðinn, og segir í skýrslu hans, sem lögð er fram í málinu: „Skoðun á vélum eftir vinnuslys. Enginn vélabúnaður bilaður, þegar slysið varð.“

Þá voru teknar myndir af vettvangi, sem fram eru lagðar í málinu.

Hinn 23. mars 1978 yfirheyrði lögregla stefnanda, Snævar Ívarsson, og skýrir hann þá svo frá: „Hann segir, að það sé rétt, að hann hafi kropsið upp á umræddri vél til hliðar við trektina, þegar hann hafði verið að ýta deiginu ofan í hana. Hann segir, að það sé pallur til hliðar við vélina til að standa á, en á honum hefðu aðeins verið lausar fjalir og því hætta á, að þær sporðreistust og af því skapaðist slyshætta. Snævar segir, að það sé rétt, að það hafi verið búinn að tala um það við sig að vera ekki uppi á vélinni, en hann hafi talið, að þá hefði verið haft í huga hreinlæti, en ekki að af því stafaði slyshætta. Þá segir Snævar, að hann hefði séð fleiri starfsmenn brauðgerðarinnar vinna þetta á sama hátt og hann hefði gert. Snævar segir, að þegar hann hafi verið að ýta deiginu ofan í vélina, þá hafi hann notað plastsköfuna, sem um er rætt í framanritaðri skýrslu. Þegar slysið hefði orðið, þá hefði hann verið búinn að ýta deiginu ofan í trektina með plastsköfunni, síðan sett sköfuna yfir í vinstri hönd og ætlað að fara frá vélinni. Þá hefði hann eithhvað runnið til og lent með höndina í trektina og niður á hnífinn, sem hefði klippt um leið. Snævar segir, að ástæðan til þess, að hann hafi unnið við þessa vél í þetta sinn, hafi verið sú, að hann hafi verið að vinna í öðru verki eftir skipun Braga Pálmasonar, sem er bakameistari, Birgir Snorrason, sem hafi verið að vinna við margumrædda vél, hafi komið til sin og beðið sig að hjálpa sér við vélina. Snævar segir, að þar sem hafi verið lítils háttar hlé á því starfi, sem hann var í, hafi hann farið að hjálpa Birgi. Snævar kveðst vera skráður sem aðstoðarmaður við fagvinnu í brauðgerðinni. Hann kveðst vera vanur að vinna við þessa vél og aldrei hafi hent neitt óhapp áður. Snævar segir, að í þessu slysi hafi hann missið framan af vísifingri, löngutöng og baugfingri hægri handar, það hafi skorist framan af löngutöng og baugfingri rétt ofan við fremsta lið, en bein á vísifingri hafi sloppið óskaddað. Hann kveðst strax hafa farið í aðgerð á F. S. A. og síðan dvalið þar í rúman sólarhring, en þá hafi hann farið heim. Snævar kveðst hafa verið óvinnufær, frá því að

slysið varð, og óvíst sé, hvenær hann verði vinnufær á ný. Snævar vill taka fram, að þetta slys hafi ekki gerst vegna þess, að hann hafi farið ógætilega að við vinnuna, heldur vegna þess, að hann hafi runnið til, þegar hann hafi ætlað að fara ofan af vélinni, og þá lent með höndina í hnífnum. Þá vill Snævar geta þess, að megin ástæðan til þess, að hann kraup við vélina, hafi verið sú, að pallurinn, sem standa átti á, hafi verið mjög óöruggur, eins og áður er fram komið.“

Hinn 30. mars 1978 var Birgir Snorrason bakaranemi yfirheyrður af lög-reglu og skýrir svo frá, að Snævar hafi ekki setið ofan á vélinni, heldur kropið. Segir hann, að þegar slysið varð, hafi plastskafan legið ofan á vél-inni eftir slysið og þá óskemmd. Kveðst hann því álíta, að Snævar hafi ekki verið með sköfuna í notkun, en hins vegar geti það vel verið rétt hjá Snævari, að hann hafi notað sköfuna í umrætt sinn, en verið búinn að hreinsa trektina og verið að fara ofan af vélinni, þegar slysið varð, og því hafi hann ekki verið með sköfuna í hendinni. Þá segir Birgir, að hann noti fyrleitt umræddan pall til að standa á, þegar hann vinni við þessa vél, en stundum standi hann á gólfinu, en sé aldrei uppi á vélinni sjálfri.

Fyrirtæki stefnda hefur nú verið flutt í önnur húsakynni en þau, er það var í, er slysið varð, og hefur dómurinn því ekki getað kynnt sér vettvang. Hins vegar hefur dómurinn farið á núverandi starfsstöð stefnda, þar sem þessi sama vél er í notkun, og skoðað hana ásamt þeim aðstæðum, sem nú eru fyrir hendi.

Yfirheyrslur hafa farið fram hér fyrir dóminum, og verða þær nú raktar:

Hinn 17. apríl 1979 kom stefnandi, Snævar Ívarsson, fyrir dóminn. Skýr-ir hann svo frá eftir að hafa staðfest skýrslu sína fyrir lögreglu, sem áður er rakin, að hann hafi verið búinn að vinna u. þ. b. 8 mánuði, áður en slysið varð. Hafi hann allan tímann unnið við vél þessa a. m. k. einu sinni á dag. Kveðst hann alltaf hafa farið eins að og í þetta sinn. Segir hann, að pallur sá, sem um getur, hafi allan tímann verið með lausum fjöllum og verið mjög óþægilegur að vinna á honum. Hann segir, að starfsfélagi sinn, sem einnig hafi unnið við vélina, hafi átt auðveldara með að vinna á pallinum sökum stærðar sinnar. Segir hann, að yfirmaður sinn hafi verið Júlíus Snorrason og hafi hann aldrei tekið sér vara við því að vera uppi á vélinni, hins vegar hafi Birgir Snorrason gert það. Kveðst hann hafa verið frá vinnu í tvo og hálfan mánuð og þá hafið störf hjá stefnda í stuttan tíma. Kveðst hann oft hafa komið á vinnustaðinn eftir slysið og hafi pall-inum ekki verið breytt. Segir hann, að Óðinn Geirsson hafi unnið verkið á sama hátt og hann. Segir hann, að til sé leiðbeiningarbæklingur um vélina um að slökkva beri á vélinni, áður en hún sé þrífín, um það hafi hann ekki vitað fyrr en eftir slysið. Kveðst hann hafa haldið um sílóðsbrúnina með vinstri hendi jafnframt því sem hann hafði sköfuna í þeirri hendi og

hafi vinstri höndin þá runnið út af sílósbarminum, þannig að hann datt niður með hægri höndina. Segir hann, að höndin og sílóíð hafi verið deigugt og gripið hált. Kveðst hann hafa verið um 1.80 m á hæð, er slysið varð. Kveðst hann hafa unnið á lágum sólum, en ekki á klossum eins og aðrir hafa gert. Segir hann, að maður sá, er hann eigi við, að hreinsað hafi vélina frá pallinum sökum hæðar sinnar, sé Bragi Pálmason. Segir hann, að þegar slysið varð, hafi hann verið truflaður af Óðni Geirssyni, sem hafi tekið af sér skóna og falið þá og hann hafi verið skólaus, þegar slysið varð. Segir hann, að það hafi verið einu sinni eða tvisvar, sem sér hafi verið bannað að fara upp á vélina, þar af hafi sér verið bannað það í þetta skipti af Birgi, þegar hann hafi verið nærri búinn með verkið. Kveðst hann hafa verið u. þ. b. að ljúka verkinu, þegar Óðinn tók af honum skóna. Kveðst hann í þetta skipti hafa verið u. þ. b. 4—5 mínútur að hreinsa vélina. Í þetta skiptið hafi hann ekki átt að vinna þetta verk, þar sem hann var í öðru starfi.

Í sama réttarhaldi skýrir Birgir Snorrason svo frá eftir að hafa staðfest skýrslu sína hjá lögreglu, að Júlíus hafi verið verkstjóri yfir Snævari, en það hafi verið að vinna við umrædda vél, og sagt Snævari að hreinsa hana í umrætt sinn. Vitnið kveðst hafa minnst á það við Snævar að vera ekki uppi á vélinni við vinnu sína, m. a. hafi hann í umrætt sinn sagt Snævari að fara ofan af vélinni. Vitnið segir, að Snævar hafi verið eini maðurinn, sem fór upp á vélina. Kveðst vitnið hafa bannað honum það, þar sem hann teldi þau vinnubrögð ekki eðlileg, en kveðst þó ekki hafa talið neina sérstaka hættu því samfara, en ætlast hafi verið til, að staðið væri á palli eða bara á gólfinu við vélina. Vitnið segir, að verið geti, að Óðinn Geirsson hafi unnið verkið á sama hátt, en honum muni þá hafa verið bannað það. Ekki kveðst vitnið minnst þess, að Óðinn hafi verið að gantast við Snævar í umrætt sinn, en Snævar hafi látið skóna detta af sér á gólfið, þegar hann var uppi á vélinni. Vitnið segir, að umræddur pallur sé ekki lengur í notkun, en nú sé notaður kassi.

Hinn 16. nóvember 1979 kom fyrir dóminn Snorri Júlíus Snorrason og skýrir svo frá, að hann hafi verið verkstjóri hjá stefnda, er slysið varð, en hann sé einn af eigendum stefnda, sem sé sameignarfélag, og staðfesti hann skýrslu lögreglunnar að því er hann varðar í málinu. Kveðst hann sjálfur hafa gefið stefnanda fyrirmæli um, hvernig hann ætti að standa að verkinu. Hafi fyrirmælin verið þau, að hann skyldi standa við vélina og ýta deiginu niður með þar til gerðri plastsköfu. Segist hann ekki vita til, að stefnandi hafi brugðið út af þessum fyrirmælum, utan einu sinni, að hann frétti, að hann hefði gert það og farið upp á vélina. Kveðst mætti (sic) þegar hafa rætt við stefnanda og bannað honum það harðlega og kveðst ekki vita til, að stefnandi hafi gert það aftur, fyrr en slysið varð.

Kveðst hann ekki hafa verið staddur í salnum, er slysið varð, hann hafi verið kallaður í símann. Hafi hann því ekki orðið var við, hvernig stefnandi bar sig við starfið í greint sinn. Segir hann, að áður hafi komið fyrir, að menn hefðu hagað starfi sínu þannig að fara upp á vélina, en fyrir það hafi algerlega verið tekið, þar sem það þyki hættuleg vinnubrögð. Segir hann, að stefnandi hafi verið vanur að vinna við þessa vél. Hann hafi starfað við hana daglega, frá því að hann byrjaði. Segir hann, að pallur sá, sem standa átti á við vinnuna, hafi verið traustur, en með lausum fjöllum, en ekki hafi verið hætta á, að þær sporðreistust. Segir hann, að annar útbúnaður sé kominn núna, en pallurinn hafi verið notaður lengi eftir slysið. Ekki kveðst hann muna, hvenær hætt var að nota pallinn. Segir hann, að pallur þessi hafi verið laus og útbúinn af stefnda. Kveðst hann ekki kannast við, að Óðinn Geirsson hafi unnið verkið á sama hátt og stefnandi gerði í grein sinn, en hafi svo verið, hafi honum verið bannað það. Segir hann, að þar til gerð plastskafa sé alltaf notuð við verkið. Segist hann ekki vita til, að leiðbeiningabæklingur hafi fylgt vélinni. Segir hann, að vinnustaður sinn hafi verið sá sami og stefnanda og hafi hann haft góða aðstöðu til að fylgjast með honum. Segir hann, að starf það, er stefnandi vann, þyki ekki vandasamt og hafi yfirleitt verið unnið af hjálparmönnum. Segir hann, að Birgir Snorrason hafi verið undirverkstjóri sinn.

Í sama réttarhaldi skýrir vitnið Bragi Pálmason svo frá, að það vinni hjá stefnda og hafi unnið þar, þegar umrætt slys varð. Kveðst hann hafa séð stefnanda sitja uppi á vélinni við vinnu sína, en ekki séð, þegar slysið varð, en séð stefnanda strax og slysið hafði orðið. Segir hann, að bannað hafi verið að fara upp á vélina og þó hafi það komið fyrir, að það hafi verið gert þrátt fyrir bannið. Kveður hann Óðinn Geirsson hafa gert það einstaka sinnum og stefnanda einu sinni nokkrum dögum áður en slysið varð, en þá hafi Birgir Snorrason tekið hann og skammað hann og Óðin fyrir það. Segir hann, að ekki hafi alltaf verið fundið að því, þegar þannig var staðið að verki. Vitnið segir, að Óðinn Geirsson hafi ekki verið nærri, er slysið varð. Vitnið segir, að pallur sá, er standa hafi átt á, hafi ekki verið góður, á honum hafi verið lausar fjalir, álímdar harðplastir. Fjalirnar hafi viljað færast til, og þurfti að sýna aðgát við þær. Vitnið segist ekki muna, hvort báðar fjalirnar hafi verið lausar, en önnur hafi að minnsta kosti verið það, en í upphafi hafi þær verið fastar. Vitnið kveðst ekki vita til þess, að nokkur maður hafi farið upp á vélina aðrir en þeir, er að framan greinir. Vitnið kveðst hafa unnið við vél þessa, en ekki hafa stöðvað vélina við verk þetta. Vitnið segir, að fyrir komi, að þurfi að stöðva vélina, ef mikið klísturdeig hafi verið í henni. Vitnið kveðst telja, að klístursdeig hafi verið í vélinni í umrætt sinn. Vitnið kveðst vera 183 cm á hæð. Vitnið segir, að Óðinn hafi verið staddur 2—3 metra frá stefnanda, er slysið varð.

Í sama réttarhaldi skýrir vitnið Óðinn Svan Geirsson svo frá, að hann hafi snúið baki í umrædda vél og því ekki séð slysið. Kveðst vitnið hafa séð, að stefnandi var uppi á vélinni við verk sitt. Vitnið segir, að slík vinnubrögð hafi verið stranglega bönnuð. Vitnið segist hafa notað slík vinnubrögð, einkum þegar ekki sást til hans, og kveðst hafa verið hættur slíku, þegar umrætt slys varð, því það hafi verið tekið svo strangt á því. Vitnið kveðst hafa verið vitni að því, að stefnanda hafi verið bönnuð þessi vinnubrögð, áður en slysið varð. Kveðst vitnið ekki kannast við að hafa verið að gantast við stefnanda í þann mund er slysið varð, kveðst hins vegar hafa gert það nokkru áður. Vitnið segir, að ekki hafi stafað hætta af pallinum, hins vegar hafi hann verið leiðinlegur í notkun, þar sem önnur fjölin á honum hafi verið laus og vildi sporðreisast, er stigið var á hann. Vitnið segir, að pallurinn hafi verið óþægilega lágur fyrir sig, þar sem hann hafi ekki náð nægjanlega langt niður í vélina af honum, og hafi það verið ástæðan fyrir því, að hann fór upp á vélina. Vitnið kveðst vera 168 cm—170 cm á hæð. Vitnið kveðst ekki muna, hvort stefnandi hafi verið kominn upp á vélina, en þó geti svo hafa verið, er hann var að erta hann. Vitnið segir, að ertnin hafi verið í því fólgin að taka skó, er hann hafði misst af sér, og fela þá.

Hinn 11. janúar 1980 kom stefnandi, Snævar Ívarsson, aftur fyrir dóminn og skýrði þá svo frá, að Óðinn Geirsson hafi tekið skó sinn, sem lá á gólfinu, rétt áður en slysið varð, og hafi verið að reyna að fela hann. Kveðst stefnandi út undan sér hafa verið að fylgjast með því, hvað hann gerði við skóinn, og hafi athygli sín verið við það bundin, er slysið varð, og því hafi hann ekki gætt sín sem skyldi. Hann segir, að örskömm stund hafi liðið, frá því að Óðinn tók skóinn og þar til slysið varð, innan við mínútu. Mætti (sic) segir, að rétt geti verið, að Óðinn hafi verið kominn 2—3 metra frá sér, er slysið varð. Segir hann, að Óðinn hafi sagt sér síðar, að Bragi Pálmason hafi hvatt sig til að taka skóinn. Segist hann ekki minnst þess, að Birgir Snorrason hafi skammað sig fyrir að fara upp á vélina nokkrum dögum áður en slysið varð. Segist hann minnst þess, að fljótlega eftir að hann hóf störf hjá stefnda, hafi sér verið bannað að fara upp á vélina, en kveðst hafa haldið, að það væri af þrífnaðarástæðum, og aldrei hafi verið brýnt fyrir sér, að hætta gæti stafað af því. Eftir það hafi ekki verið á þetta minnst. Kveðst mættur (sic) telja, að verkstjórar hafi séð sig vinna verkið á þann hátt. Segist mættur (sic) yfirleitt hafa unnið verkið á þann hátt að fara upp á vélina, segir hann, að Óðinn hafi einnig unnið verkið á þennan sama hátt, þegar hann vann það. Kveðst hann á þessum tíma hafa haft áhuga á að verða bakari, en vinni nú við verslunarstörf. Segir hann, að nýrri gerð vélar sé þannig út búin, að hún stöðvist sjálfkrafa, þegar stigið er á tröppu við vélina, þegar unnið er við hreinsun.

Í sama réttarhaldi fór fram samprófun milli stefnanda og vitnanna Braga Pálmasonar og Óðins Geirssonar. Vitnin Óðinn og Bragi segja, að rétt sé, að Óðinn hafi tekið skó stefnanda og gengið með hann frá til að fela hann. Kveðst Óðinn hafa verið búinn að leggja skóinn frá sér og byrjaður að vinna, þegar slysið varð. Telur hann, að einhverjar mínútur hafi liðið, frá því að hann tók skóinn og þar til slysið varð. Vitnið Bragi segir, að rétt sé, að hann hafi hvatt Óðin til að taka skóinn, og telur hann, að nokkrar mínútur hafi liðið, frá því að Óðinn tók skóinn og þar til slysið varð. Stefnandi segist síðast hafa séð til Óðins, þar sem hann var með skóinn. Vitnið Óðinn segir, að rétt sé, að hann og stefnandi hafi yfirleitt farið upp á vélina við þessa vinnu, en vitnið Bragi telur, að þeir hafi ekki gert þetta nema í undantekningartilfellum. Vitnin Bragi og Óðinn halda við framburði sína um, að Birgir hafi nokkrum dögum fyrir slysið skammað stefnanda fyrir að fara upp á vélina. Stefnandi kveðst minnast þess, að skömmu fyrir slysið hafi Birgir kallað til sín að vera ekki uppi á vélinni, og kveðst stefnandi hafa hlýtt og unnið verkið með því að standa á kollinum. Allir hinir mættu (sic) eru sammála um, að það hafi þótt óþrífalegt að vinna uppi á vélinni, en eru ekki vissir um, að það hafi verið talið hættulegt.

Kröfur sínar rökstyður stefnandi m. a. með því, að slysið verði rakið til þess, að vinnuaðstaða hafi verið ófullkomin við vélina, enn fremur þess, að verkstjórn hafi verið áfátt og stefnandi hafi verið settur til verka, sem ekki hafi fallið í hans verkahring sem aðstoðarmanns og hafi verið honum ofviða. Þá heldur stefnandi því í þriðja lagi fram, að slysið megi rekja til þess, að samstarfsmenn stefnanda hafi verið að gantast við hann og truflað hann þannig við vinnu sína, að slys hlaut af. Á öllu framangreindu beri stefndi ábyrgð og beri að greiða stefnanda allt það tjón, er hann varð fyrir af slysinu.

Stefndi byggir sýknukröfu sína alfarið á því, að stefnandi hafi sjálfur átt alla sök á slysinu með óvarkárni sinni og því að hlíta ekki fyrirmælum verkstjóra. Er því andmælt, að vinnuaðstöðu hafi verið áfátt, rétt sé, að pallur við hliðina á vélinni til að standa á hafi verið með lausum fjölum og á lágrí grind, en engin hætta hafi verið á, að fjalirnar sporðreistust og af því skapaðist slysaætta. Slíkur pallur hafi verið notaður lengi og sé enn notaður við þessa vél og aldrei hafi orðið slys vegna notkunar hans. Búið hafi verið að harðbanna stefnanda að vera uppi á vélinni við vinnu sína og nokkrum mínútum fyrir slysið hafi verkstjóri stefnanda, Birgir Snorrason, komið að honum uppi á vélinni og skipað honum að fara niður tafarlaust. Þá er því mótmælt, að verkið hafi verið stefnanda ofviða, stefnandi hafi verið vanur að vinna við vél þá, er slysinu olli, og sé sannleikurinn sá, að hreinn barnaleikur sé að vinna við vél þessa að því tilskyldu, að farið sé eftir fyrirmælum verkstjóra.

Eins og að framan er rakið, var pallur við hlið vélarinnar, sem menn skyldu standa á, þegar verkið væri unnið. Fjöl hafi losnað á palli þessum og ekki hafi verið hirt um að festa hana aftur. Ekki var fyrir hendi útbúnaður til að breyta hæð pallsins í samræmi við stærð þessa manns, er verkið vann hverju sinni, svo sem með því að hafa tröppu á honum. Ósannað er, að stefndi hafi gert stefnanda og öðru starfsfólki nægjanlega grein fyrir hættu þeirri, er af því kynni að stafa, að unnið væri uppi á vélinni, enda kveðst stefnandi hafa álitid bann við slíkum vinnubrögðum fyrst og fremst hafa stafað af þrifnaðarástæðum. Upplýst er, að einhver brögð voru að því, að stefnandi og annar starfsmaður á staðnum ynnu verkið á þennan hátt þrátt fyrir bann gegn því, og hafði verkstjóri orðið var við það. Að framangreindu athuguðu verður að telja, að það hafi verið óvarlegt af verkstjóra að setja stefnanda til þessa starfa án þess að hafa gert honum fullkomlega ljóst, hvernig hann skyldi bera sig að við starfið, og framfylgja banni við að vera uppi á vélinni, einkum þegar hafður er í huga hinn ungi aldur stefnanda, en undirverkstjóri stefnda, Birgir Snorrason, hafðist ekki að, þótt hann sæi til stefnanda. Verður því talið, að stefndi beri sök á slysi því, er varð. Á hinn bóginn er á það að líta, að stefnanda hafði af yfirmönnum sínum ítrekað verið bannað að fara upp á vélina, er hann vann starfið, hefði honum átt að vera ljóst, að nokkur hætta fylgdi starfinu, ef ekki var viðhöfð full aðgát. Verður hann því sjálfur einnig talinn eiga sök á slysinu. Að öllum atvikum virtum þykir eiga að skipta sök til helmings, og ber því að dæma stefnda til að greiða stefnanda tjón hans að hálfu, en stefnandi beri það að hálfu bótalaust.

Tjón sitt sundurliðar stefnandi þannig:

1. Örorkutjón:

a) Tímabundið	kr. 912.016
b) Varanlegt	— 4.959.782

Samtals kr. 5.871.798

2. Miskabætur: kr. 400.000

3. Frádráttarliðir:

a) Launagr. 3. mars—3. apríl 1978	kr. 139.894
b) Dagpeningar 3. apríl—1. maí 1978	— 34.480
c) Samningsbundin slysatrygging	— 455.040

+ samtals kr. 629.414

Alls kr. 5.642.384

Um lið 1.

Stefndi mótmælir kröfu samkvæmt þessum lið sem of hárri og krefst lækkunar.

Kröfur samkvæmt þessum lið byggir stefnandi á örorkumati Björns Önundarsonar læknis, dagsettu 7. sept. 1978, og örorkutjónsútreikningum Guðjóns Hansen tryggingafræðings, dagsettum 27. okt. 1978 og 23. nóv. 1979.

Í örorkumati Björns Önundarsonar segir:

„Samkvæmt tilkynningu um slys mun slys þetta hafa skeð í Brauðgerð K. Jónssonar, Akureyri. Skeði slysið með þeim hætti, að slasaði lenti með hægri hönd í hníf í deigskammtara. Slasaði var þegar eftir slys þetta fluttur í Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, þar sem gert var að meiðslum slasaða og þar sem slasaði vistaðist frá 3. 3. '78 til 4. 3. '78.

Fyrir liggur læknisvottorð Gauta Arnþórssonar, yfirlækis, Akureyri, dags. 2. 8. '78, svohljóðandi:

Sjúkdómsgreining: aflimun ystu kjúku III. fingurs hluta ystu kjúku IV. fingurs á hægri hendi, amputatio traumatica dig. III et IV menus dxt. et vulnus dig. secundi.

Hinn 3. 3. '78 var Snævar Ívarsson færður á skiptistofu á handlækisdeild F. S. A. vegna áverka, sem hann hafði hlotið rétt áður. Því var svo lýst, að hann hefði verið að setja deig í kvörn og ýtt á eftir með hægri hendi og þá lent með fingurna of djúpt í kvörninni, þannig að af tók dál. húðflípa framan af gómi víisifingurs, löngutöng rétt ofan liðamótanna milli tveggja fremstu kjúkanna og af baugfingri um miðja fremstu kjúku. Gert var að sárum hans samdægurs á handlækisdeild F. S. A.

Síðan var fylgst með honum, þar til hann var að fullu gróinn, og var síðast til athugunar hinn 12. 5. '78. Þá var það skráð, að hann hefði hafið vinnu hinn 1. 5. '78.

Skóðun hinn 1. 8. '78: Á hægri hendi sjúklings vantar sem svarar nokkru meira en fremstu kjúku löngutangar, hluta fremstu kjúku baugfingurs, en að öðru leyti sýnist höndin heil. Við nánari athugun má þó sjá, að ca 5 mm. breiður flípi hefur höggvist af víisifingrinum einnig, en þar á hefur húð verið flutt af hinum afskorna hluta löngutangarinnar og hefur gróið mjög vel inn, svo varla sjást missmiði á fingrinum. Stúfur löngutangar er talsvert kylfulaga, og sýnist það til nokkurra lýta, en stúfur baugfingurs er mjög vel lagaður. Sjúklingur hefur fulla hreyfingu í öllum liðum. Þó vantar 2 cm á, að stúfur löngutangar nái inn í lófa, þegar hann krepur eins og frekast er kostur, en 1 cm vantar milli stúfs baugfingurs og lófans við sömu aðstæður. Örin á stúfnum eru ákaflega vel gróin, og beinið er þakið góðum og eymslalitlum mjúkvefjum og ágættri húð. Sama gildir um víisifingurinn, þótt litlafingurgóms stórt svæði fremst á gómnum sé dofið, eins og vænta mátti, þar sem húð hafði verið flutt á.

Eigin óþægindi sjúklings: Lýtið á hendinni er til nokkurs ama. Enn eru nokkur eymsli í gómnum, þegar hann rekur þá í eða þarf að taka í þyngri

hluti eða hittir ekki alveg það, sem hann grípur hendi til, eins og vænta má. Engir sjálfkrafa verkir í fingrunum fyrir utan þetta. Man eigi eftir sérstökum atriðum í daglegu lífi eða við vinnu (nú fiskvinnu), þar sem stytting fingranna sýnist völd að örkuhlunum.

Samantekt: Afleiðing áverka hinn 3. 3. '78, þar sem af hefur höggvist hluti af löngutöng og baugfingri hægri handar ásamt svolitlum húðflipa af vísifingrinum. Slysíð átti sér stað við hreina vinnu, og þar var hreinn og skarpur hnifur, sem sneið af fingrinum. Þótt vefirnir væru hreinir og færðir með til læknis, þegar meðferð var gefin, sýndist þeim lækni, sem skurðaðgerðina framkvæmdi, ekki ástæða til þess að freista þess að græða þá á að nýju. Hann notaði þó húð af þeim hluta til þess að freista þess að græða þá á að nýju. Hann notaði þó húð af þeim hluta löngutangarinnar, sem af var höggvin, til að græða á vísifingurinn, og tókst það með ágætum. Ég er sammála mati hans á því, að ástæðulaust var að gera meðferðina vandasama og langvinna og kannski ekki alveg hættulausa með því að reyna að græða hina toppana á, því að gera mátti ráð fyrir því, að örkuhl sjúkl. vegna missis framan af þessum 2 fingrum yrðu ekki mikil. Við skoðun í dag kemst ég að sömu niðurstöðu. Höndin hefur náð fullri starfshæfni til allra venjulegra verka og myndi gjalda þesara örkuhla aðeins við sérstakar aðstæður, svo sem hljóðfæraleik. Höndin er hins vegar nokkuð lýtt, og hefur það einnig sína þýðingu.

EKKI sýnist ástæða til að ráðleggja frekari meðferð eða endurhæfingu eftir þennan áverka.“

Slasaði kom ekki til viðtals og skoðunar hjá undirrituðum, og er því einungis stuðst við þau gögn, sem fyrir liggja í máli þessu, þ. e. læknisvottorð I, undirritað af Arnari Haukssyni, aðstoðarlækni, dags. 22. 5. '78, lögregluskýrslu, tilkynningu um slys og áður tilvitnað læknisvottorð Gauta Arnþórssonar, yfirlæknis.

Ályktun: Það er um að ræða rúmlega 17 ára gamlan verkamann, sem hinn 3. 3. '78 lenti með hægri hönd í deigskurðarhnífi. Við slys þetta hlaut slasaði amputatio traumatica dig. II, III, IV man dxt. partialis. Slasaði var þegar eftir slys þetta fluttur í F. S. A., þar sem gert var að meiðslum slasaða og hann vistaður frá slysdegi 3. 3. '78 til 4. 3. '78. Eftir það var slasaði til eftirlits og meðferðar á göngudeild sjúkrahússins um sinn.

Alveg óvinnufær er slasaði talinn hafa verið frá slysdegi 3. 3. '78 til h. 30. 4. '78. Fyrir þetta tímabil fékk slasaði greidda slysadagpeninga frá Slysatryggingadeild Tryggingarstofnunar ríkisins. Eftir það mun starfsgeta slasaða hafa verið töluvert skert í 3 mánuði, og varanlega er hér um litils háttar örorku að ræða.

Afleiðingar þessa slys eru fyrst og fremst þær, að höggvist hefur hluti af löngutöng og baugfingri hægri handar ásamt svolitlum húðflipa af vísi-

fingeri sömu handar. Fingurhlutar þessir skárust af með skörpum hníf, þannig að sár voru ekki tætt. Þannig hefur slasaði misst eina og hálfu kjúku framan af löngutöng hægri handar og eina kjúku framan af baugfingeri sömu handar auk húðflipa þess, er áður greinir, er tapaðist af vísifingeri handarinnar. Stúfarnir líta vel út, eru vel grónir, en nokkuð ber á óþægindum, er slasaði rekur fingurna í.

Þar sem ekki er nú um frekari bata á afleiðingum áðurnefnds slyss að ræða, þykir nú eðlilegt að meta þá tímabundu og varanlegu örorku, sem slasaði telst hafa hlotið af völdum slyss, og þykir hún hæfilega metin sem hér segir:

Frá slysdegi talið í 3 mánuði	100%
Eftir það í 3 mánuði	50%
Varanlega	12%“

Í örorkutjónsútreikningi Guðjóns Hansen, dagsettum 27. október 1978, segir:

„Samkvæmt örorkumati Björns Önundarsonar, læknis, dags. 7. september 1978, varð Snævar Ívarsson, Brekkugötu 11, Akureyri, fyrir slysi 3. mars 1978. Telur læknirinn, að Snævar hafi af völdum slyss þessa hlotið orkutap, er hann metur þannig:

Í 3 mánuði	100%
Í 3 mánuði	50%
Síðan til frambúðar	120%

Snævar er sagður fæddur 25. maí 1961 og hefur samkvæmt því verið 16 ára gamall, er hann varð fyrir ofangreindu slysi. Að sögn yðar, herra lögmaður, lauk hann námi frá gagnfræðaskóla vorið 1977. Þá er slysið varð, hafði hann í hyggju að hefja senn nám í trésmíði, en nú stundar hann verslunarstörf. Samkvæmt staðfestu ljósriti af skattframtali Snævars fyrir starfsárið 1977 voru vinnutekjur hans það ár kr. 931.241.-, en vegna aldurs er þetta eina framtal hans til þessa.

Þegar í hlut eiga piltar á aldri Snævars, sem ekki hafa hafið neins konar sérnám, áður en þeir slösuðust, er ég vanur að miða tjónsútreikning við algengar tekjur verkamanna. Þegar stuðst er við úrtaksrannsókn Þjóðhagstofnunar á vinnutekjum kvæntra verkamanna í Reykjavík 10 ára tímabilið 1968—1977 og tekjur umreiknaðar með tilliti til breytinga á kaupsöxtum, reiknast mér árstekjur verða sem hér segir:

Árið 1978, frá sld.	kr. 3.367.559.-
Eftir þann tíma	— 3.679.865.-

Ofangreindar tekjur fullorðinna verkamanna legg ég til grundvallar frá 21 árs aldri, en til þess tíma er reiknað með eftirfarandi hundraðshlutum af árstekjum fullorðinna:

Á 17. ári	75%
Á 18. ári	80%
Á 19. ári	85%
Á 20. ári	90%
Á 21. ári	95%

Þegar tillit er tekið til skólagöngu Snævars til vors 1977, virðast vinnutekjur hans það ár vera í góðu samræmi við tekjuáætlun þessa (samkvæmt áðurnefndri úrtaksrannsókn reyndust meðaltekjur kvæntra verkamanna í Reykjavík árið 1977 2.155 þús. kr., 7/12 af þeirri fjárhæð eru 1.257 þúsund kr., og 75% af síðarnefndu fjárhæðinni eru 943 þúsund kr.).

Miðað við þær árstekjur fullorðinna verkamanna, sem hér hafa verið tilgreindar, lægri tekjur á unglingsárum samkvæmt framanrituðu og tap tekna í samræmi við áðurnefnt örorkumat reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi nema:

Vegna tímabundins orkutaps í 6 mánuði	kr. 915.976.-
Vegna varanlegs orkutaps eftir þann tíma	— 3.155.708.-
Samtals	kr. 4.071.684.-

Við útreikninginn hefur ekki verið tekið tillit til greiðslna vegna slyssins frá Tryggingarstofnun ríkisins né öðrum aðilum.

Reiknað er með 13% ársvöxtum til frambúðar og töflum um starfsorkulíkur, samræmdum eftirlifendatöflum íslenskra karla 1951 - 1960.“

Hinn 23. nóvember 1979 endurútreiknaði Guðjón Hansen örorkutjón stefnanda. Í skýrslu hans segir m. a.:

„Við endurútreikninginn hef ég tekið tillit til breytinga, sem orðið hafa á kaupsöxtum verkamanna síðan í október 1978, en fyrri útreikningur minn í máli þessu er dagsettur 27. október 1978. Enn fremur eru nú tiltækar upplýsingar um meðalvinnutekjur kvæntra verkamanna samkvæmt úrtaksrannsókn Þjóðhagsstofnunar fyrir árið 1978. Það ár reikna ég vinnutekjur verkamanna, eins og þær reyndust samkvæmt úrtaksrannsókninni, en frá og með árinu 1979 styðst ég við reynslu 10 ára tímabilsins 1969—1978 (í stað 1968—1977) og umreikna tekjurnar með tilliti til breytinga á kaupsöxtum.

Þegar tillit er tekið til ofangreindra atriða, reiknast mér árlegar vinnutekjur verkamanna verða sem hér segir:

Árið 1978	kr. 3.353.000.-
Árið 1979	— 4.730.576.-
Eftir þann tíma	— 5.979.728.-

Miðað við þessar árstekjur fullorðinna verkamanna, lægri tekjur á unglingsárum, sbr. fyrri útreikning, og tap tekna í samræmi við örorkumat reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi nema:

Vegna tímabundins orkutaps í 6 mánuði	kr. 912.016.-
Vegna varanlegs orkutaps eftir þann tíma	— 4.959.782.-
Samtals	kr. 5.871.798.-

Í sambandi við ofangreindar hækkunar kauptaxta skal tekið fram, tekið hefur verið tillit til þeirra 13,21% hækkunar, sem kemur til framkvæmda 1. desember 1979.

Um forsendur fyrir útreikningi þessum, aðrar en þær, sem tilgreindar eru hér að framan, skírskotast til fyrri útreiknings.“

Að virtum þeim atriðum, er hér skipta máli, svo sem eingreiðslu og skattfrelsi bótanna, þykir tjón samkvæmt þessum lið hæfilega ákvarðað kr. 3.500.000, og hefur þá verið tekið tillit til frádráttarliða þeirra, er um getur í sundurliðun stefnanda.

Um lið 2.

Stefndi hefur mótmælt kröfulið þessum sem of háum. Með hliðsjón af læknisvottorðum þeim, sem að framan eru rakin í skýrslu Björns Öndarsonar, svo og öðrum atvikum málsins þykir tjón samkvæmt þessum lið hæfilega ákvarðað kr. 400.000, eins og krafist er. Er þá heildartjón stefnanda samkvæmt framansögðu kr. 3.900.000, og ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda helming þeirrar upphæðar, eða kr. 1.950.000, ásamt vöxtum, eins og krafist er. Þá ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 500.000.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Brauðgerð Kr. Jónssonar & Co., greiði stefnanda, Snævari Ívarssyni, kr. 1.950.000 ásamt 19% ársvöxtum frá 3. mars 1978 til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þ. d. til 1. september s. á., 27% ársvöxtum frá þ. d. til 1. desember s. á. og 31% ársvöxtum frá þ. d. til greiðsludags og kr. 500.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðurlagðri aðför að lögum.